

Skipulag

<i>Fundarboðandi:</i>	Sigurborg Daðadóttir	<i>Fundarstaður:</i>	Fjarfundur
<i>Fundarstjóri:</i>	Sigurborg Daðadóttir	<i>Dagsetning:</i>	25 mars 2020
<i>Fundarritari:</i>	Sigurjón Njarðarson	<i>Fundartími:</i>	13:00 – 14:030

Pátttakendur: Sigurborg Daðadóttir (Yfirdýralæknir, formaður Fagráðs), Sigríður Björnsdóttir (sérfræðingur Matvælastofnunar í dýratilraunum), Ólafur R. Dýrmundsson (f.h. Dýraverndunarsambands Íslands), Sigurjón Njarðarson (starfsmaður Fagráðs um velferð dýra), Katrín Andrésdóttir (f.h. Dýralæknafélags Íslands) og Henry Alexander Henrysson (f.h. Siðfræðistofnunar H.Í.). Allir aðilar tóku þátt í gegnum fjarfundarbúnað.

Dagskrá

1. Umsagnir um umsóknir til dýratilrauna
2. COVID-19 og dýravelferð, erindi formanns Fagráðs um velferð dýra

Umræða

1. Umsagnir um umsóknir til dýratilrauna

- a) ECO-EVO-DEVO dynamics of biodiversity Mývatn threespine stickleback as a model: Fagráð um velferð dýra veitir samhljóða jákvæða umsögn um tilraunina.
- b) Greining á tjáningu og hlutverki MITF umritunarþáttarins í músum: Fagráð um velferð dýra veitir samhljóða jákvæða umsögn um tilraunina.
- c) Molecular genetic studies in horses: Fagráð um velferð dýra veitir samhljóða jákvæða umsögn um tilraunina.
- d) Útvíkkun á Leyfi til framleiðslu á einstofna mótefnum í erfðabreyttum dýrum: Fagráð um velferð dýra veitir samhljóða jákvæða umsögn um tilraunina.

2. COVID-19 og dýravelferð, erindi formanns Fagráðs um velferð dýra

Formaður Fagráðs upplýsti að Matvælastofnun hefði gefið út viðbragðsáætlun, þar sem fjallað er hvoru tveggja um, aðgerðir til að tryggja áframhaldandi starfsemi stofnunarinnar eins og kostur er og því hvernig dýralæknaþjónusta verði tryggð með sem bestum hætti.

Matvælastofnun forgangsraðar sínum verkefnum með tilliti til fæðuöryggis og aðkomu að því að tryggja að sjúk og slösuð dýr fái dýralæknaþjónustu og að brugðist verði við alvarlegum dýrasjúkdómum eða alvarlegum

dýravelferðarmálum. Hluti þessa er mönnun dýralæknaþjónustu á landinu og hafði yfirdýralæknir frumkvæði að því að bakvarðasveit dýralækna var sett á laggirnar.

Matvælastofnun hefur kappkostað að vera í góðu samstarfi við aðra opinbera aðila og hagsmunasamtök um veitingu og deilingu upplýsinga.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 14:30. Næsti fundur er áætlaður miðvikudaginn 22. apríl 2020.